

BLÁHVER

Blað Sjálfstæðisfélags Hveragerðis • 1. tbl. • 13. árg. • 21. des. 2013

Gledileg jól



Leiðari

Ég heyrði einu sinni sögu af farsælum hershöfðingja í heimsstyrjöldinni síðari. Honum var falið að gæta sonar síns í stutta stund á meðan hann leysti krefjandi verkefni sem fylgdi starfi hans. Til að hafa ofan af fyrir litla drengnum á meðan hann leysti verkið af hendi klippti hann í sundur heimskort og sagði syninum að raða því saman aftur. Hershöfðinginn var hissa þegar sonurinn kom til hans undurfljótt og sagðist hafa leyst verkefnið af hendi. „Hvernig fórstu að þessu?“ sagði hershöfðinginn. „Jú, pabbi“ svaraði sonurinn. „Ég sá að aftan á kortinu var mynd af manni, og ég ákvað að reyna að raða honum saman, því ég hélt að ef það væri í lagi með manninn þá yrði líka í lagi með heiminn.“ Þetta var náttúrlega hárrétt metið hjá piltinum – ef maðurinn er í lagi er heimurinn líka í lagi.

Enn á ný er aðventan gengin í garð og jólin á næsta leyti. Ég man þegar ég var barn fannst mér eins og það væri heil mannsævi á milli jólahátíða, en nú finnst mér æ styttra milli þeirra, eftir því sem aldurinn færir yfir! Þó finnst mér ég skynja það sífellt betur hvað jólin eru mikil gjöf. Þau koma til okkar í svartasta skammdeginu með fallegasta boðskap sem til er í farteskinu, nefnilega um sigur ljóssins yfir myrkrinu og komu kærleikans í heiminn. Á öllum tímum hafa menn fagnað og gert sér glaðan dag af einmitt þessu tilefni, að myrkrið hörfar fyrir ljósinu. Óvíða á það betur við en á Íslandi að fagna birtunni og ljósinu einmitt þegar daginn tekur að lengja á ný. Það minnir okkur á að í lífinu skiptast vissulega á ljós og myrkur, erfiðleikar og velgengni og hamingja, en góðu heilli er það hið góða sem alltaf nær yfirhöndinni um



síðir. Þess vegna er í lagi með manninn og í lagi með heiminn.

Ég óska öllum Hvergerðingum nær og fjær og öðrum lesendum Bláhvers gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir liðin ár.

Ninna Sif Svavarsdóttir
Forseti bæjarstjórnar

Jólabörn – Barnajól

Jólin eru mikil barnahátíð og undirbúningur þeirra snýst að miklu leyti um að gleðja börnin. Fullloðnir láta meira eftir sínu innra barni á jólnum, en annars þykir viðeigandi. Fullorðnum leyfist að vera barn í hjarta á jólnum og að taka þátt í gleði barnanna, án þess að teljast undarlegt fólk. Barnsleg einlægni er ekki sama og barnaskapur, og okkur er öllum hollt að finna hana innra með okkur, og láta hana feiminslaust í ljósi, þó ekki væri nema á jólnum, og mannlífið væri mun bættara, ef við gerðum það oftar.

Allar þessar bernskutilvísanir og tengingar má rekja til þess að barn var borið í heiminn og lagt í jötu

„af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi“. Frelsari heimsins fæddist á jaðri hins skipulega samfélags, sem þó var í óða önn að skipuleggja sig og safna persónuupplýsingum um fólkið í landinu, svo að fjárlagagerð Rómaveldis hins forna mætti verða skilvirkari.

Samt hafði heimsveldið lítinn áhuga á börnum. Veldin og völdin hafa yfirleitt ekki mikinn áhuga á börnum. Börn verða útundan og undir þegar veraldarvöldin láta að sér kveða. Börn hafa hins vegar mikinn skilning á kjörum annarra barna, finna skilyrðislaust til með þeim sem eiga bágt og eru fús að hugga og hjálpa.



Frelsarinn kemur sem barn og er falið okkur til fösturs, til að minna okkur á að búa hverju mannsbarni á jörð samastað, öryggi og framtíð í heimi þar sem börnin eru afgangsstærð í hagspekinni. Gleðileg jól.

sr. Jón Ragnarsson,
Sóknarprestur, Hveragerðis-
og Kotstrandarsókn

Fréttir frá Sjálfstæðisfélaginu

Er ég sest niður og horfi yfir liðið ár get ég ekki annað en hugsað, Bíddu hvert fór tíminn? Dagarnir og vikurnar hreinlega fjúka í burtu. En er ekki sagt að tíminn líði hraðar þegar gaman er? Þá hlýt ég að skemmta mér konunglega allan daginn ☺

En starfsemin hjá Sjálfstæðisfélaginu í Hveragerði er alltaf lífleg og skemmtileg. Nóg er um að vera, við erum dugleg að hittast og spjalla saman um bæjarmálin, landsmálin og hvað sem ber hæst þann daginn. Að sjálfsögðu er laugardagskaffið okkar sívinsælt en helgin byrjar ekki hjá sumum fyrr en búið er að kíkja í Sjálfstæðishúsið, fá sér kaffibolla og rúnstykki og ræða aðeins málin. Allir eru hjartanlega velkomnir til okkar en við hittumst alla laugardagsmorgna frá kl 10:30-12:00 í húsi félagsins að Austurmörk 2.

Þingmenn kjördæmisins hafa einnig verið duglegir að heimsækja okkur og segja okkur fréttir úr þinginu. Það er gott að boðleiðin sé stutt á milli þingmanna og fólksins í landinu. Þeir eru í vinnu fyrir okkur og eiga því að gefa sér tíma til að koma og hlusta á hvað fólkið í landinu hefur að segja. Það hefur ekki staðið í þeim og koma þeir til okkar í hvert skipti sem við köllum og þótt við köllum ekki neitt þá koma þeir samt ☺ Það er bara hið besta mál.

Kjörtímabilið er að klárast sem þýðir bara eitt, það eru sveitarstjórnarkosningar í vor. Það er alltaf spennandi og skemmtilegur tími og nóg um að vera. Kosningar eru í lok maí og því má búast við að vorið snúist að miklu leyti um bæjarpólitík. Sumum finnst það alveg meiriháttar tími en eins og gengur þá eru ekki allir að kafna úr áhuga á pólitík! Ég vil þó hvetja sem flesta til að kynna sér sveitarstjórnarmálin því þetta er jú það sem lífið snýst um að stóru leyti. Við viljum öll hafa góða skóla, við viljum hafa góða leikskóla, við viljum hafa flotta sundlaug, við viljum hafa snyrtilegar götur og gangstéttar,

við viljum hafa göturnar vel mokaðar á veturnar og við viljum að bæjarbúum líði vel í bænnum okkar. Ef fólk vill hafa áhrif á það sem er að gerast í kringum það þá á það að koma skoðunum sínum á framfæri. Það gerum við með því t.d að „grúska“ í pólitík. Ef þig langar að koma og starfa með okkur í félaginu þá endilega láttu okkur heyra frá þér. Við viljum að hópurninn sé stór, öflugur og fjölbreyttur.

Félagsfundur var haldinn núna á haustmánuðum en þar var samþykkt að fara í uppstillingu á lista Sjálfstæðisfélagsins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Kosin var uppstillingarnefnd og mun hún fljótlega eftir áramót kynna listann sem fara mun fram fyrir hönd félagsins í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Á síðasta aðalfundi félagsins var eftirfarandi stjórn kosin:



Elínborg María Ólafsdóttir *formaður*
Berglind Hofland Sigurðardóttir *gjaldkeri*
Ingibjörg Zoéga Björnsdóttir *ritari*
Björn Kjartansson og Daði Sólmundarson *meðstjórnendur*
Friðrik Sigurbjörnsson og Ragnheiður Elsa Busk *varastjórn*

Elínborg María Ólafsdóttir
Formaður Sjálfstæðisfélags Hveragerðis

*Sjálfstæðisfélag Hveragerðis óskar öllum Hvergerðingum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi kosningarári.*

Jólaball barnanna og Sölvakvöld

**Jólaball barnanna verður haldið á Hótel Örki
á annan í jólum, 26. desember, kl. 14.**

Lionsklúbbur Hveragerðis býður börnum á ballið en kaffiveitingar eru í boði fyrir fullorðna fólkið og jólasveinninn kemur í heimsókn með góðgæti fyrir börnin. Ókeypis inn en tekið við frjálsum framlögum í styrktarsjóð Lions á staðnum.

Þeir sem eldri eru skella sér líka á **Sölvaballið** sem haldið er á Hótel Örki þann 28. desember. Hefst skemmtunin kl. 22. Sölvakvöld er árviss menningarviðburður hér í Hveragerði. Þar stíga á stökk ýmsar heimamenn, hljómsveitir og listamenn sem gert hafa garðinn frægan. Dansleikur fram á nótt!

Hvergi gefst betra tækifæri til að sýna sig og sjá aðra heldur en á Sölvakvöldinu sem fyrir löngu hefur skipað sér sess sem ein aðal skemmtun bæjarbúa.

Annáll bæjarstjóra 2013

Ársins 2013 verður minnst sem ársins þegar þjóðin tók lífsstílinn föstum tókum, kolvetnalaust, föstur, paleo, hráfæði, zumba, crossfit og fjallgöngur. Um fátt var meira rætt en hollustu og líkamsrækt. Tímabært segja sumir, ópolandi segja aðrir! En ef hver og einn finnur sér farveg sem eykur lífsgæði hans og hamingju þá er vel að stað farið.

Ársins 2013 verður einnig minnst sem ársins þegar sumarið lét ekki sjá sig á sunnanverðu landinu. Hver dagurinn tók við af öðrum í grámyglu og rigningu. Allir sem tók höfðu á brunuðu austur og norður í þeirri von að ná í nokkra sólargeisla til að verma niður rignda kroppa. Það er langt síðan við höfum upplifað það hér í bæ að sumarblómin drukknuðu í pottunum eða mygluðu áður en þau náðu að skreyta götur og garða bæjarbúa. Þeir sem eyddu sumrinu hér fyrir sunnan

tóku örfáum sólardögum með mikilli gleði og reyndu eftir fremsta megni að gera gott úr inniveru þessa árs.

Ársins 2013 verður líka minnst sem ársins þegar ferðamennirnir tóku yfir Ísland. Rúta eftir rútu stoppaði á planinu við verslunarmiðstöðina og ferðamennirnir streymdu um götur og torg. Eigendur þjónustufyrirtækja glöddust yfir auknum viðskiptum og víða fæddust hugmyndir sem vonandi ná að verða að veruleika á næstu árum. Hér í Hveragerði eru margir að velta fyrir sér þeim möguleikum sem aukin ferðamennska gefur og er gaman að heyra af ungu fólki sem hefur áhuga á að spreyta sig í eigin rekstri. Á meðan unga fólkið okkar hefur dug, þor og vilja ásamt bullandi hugmyndum að skemmtilegum nýjungum erum við sem þjóð í góðum málum. Því er svo óendanlega mikilvægt að hvetja stöðugt, efla og auka frumkvöðlahugsunarhátt.



Framkvæmdir í Hveragerði voru þónokkrar á árinu sem nú er að líða. Hvað mest áberandi var klæðning á mynd- og handmenntahús Grunnskólans. Fyrirfram voru ýmsir með efasemdir um fagurfræðilegar afleiðingar framkvæmdanna og óttuðust einhverjir að grá bárujárnsklæðning frá grunni uppí mæni myndi breyta húsinu í hálfvert kjarnorkubyrði í miðbænum. Sú sem þetta ritar skal vera fyrst til að



viðurkenna að þessi ótti var algjörlega ástæðulaus enda er nú mikill sómi að húsinu.

Endurbætur voru einnig gerðar á fráveitu sundlaugarinnar í Laugaskarði en þar er í farvatninu mikil endurnýjun á næstu árum enda byggingin og sundlaugarsvæðið komið nokkuð til ára sinna. Báðar þessar framkvæmdir eiga það sammerkt að þar var frágangur og vinnulag verktakanna til mikils sóma. Fyrir það erum við þakklát.

Á árinu var unnið að fyrsta áfanga við endurbætur á göngustígnum inn í Reykjadal. Það verkefni er unnið í góðri samvinnu sveitarfélagsins Ölfuss, Hveragerðisbæjar, Landbúnaðarháskólans, Landverndar, HSSH og Eldhesta. En betur má ef duga skal og þar munu framkvæmdir halda áfram á næstu árum enda er brýnt að tryggja öryggi vegfarenda um þessa fallegu og fjölsóttu gönguleið. Framkvæmdir við stækkun bílastæðisins við Hamarshöll fóru fram á árinu. Við gerum okkur glögga grein fyrir því að bílastæðið þar er ekki eins og best verður á kosið og að pollarnir á planinu eru okkur til lítils sóma. Malbikað var að stóru leyti í kringum Hamarshöllina til að auðvelda þar snjómokstur og einnig var ráðist í

endurbætur á lofttúðum hallarinnar. Árlega eru göngustígar malbikaðir og gangstéttar lagfærðar með það að markmiði að við náum að gera stígakerfið okkar eins gott og kostur er. Oft er það minna en við myndum óska en áfram kemst þó hægt fari.

Kaup á 38 vinnutölvum fyrir kennara Grunnskólans marka einnig tímamót og upphaf að stórtækri tölvuvæðingu skólans. Fljótlega verður komið þráðlaust net í skólann þannig að þá munum við geta nýtt hér nýjustu tækni í kennsluháttum. Margt fleira mætti telja af framkvæmdum ársins en hér læt ég staðar numið.

Nú hallar að lokum þessa kjörtímabils sem liðið hefur með ógnarhraða. Þetta kjörtímabil hefur einkenst af samkennd, samhug og samstöðu um góð verk. Bæjarbúar hafa staðið þétt við bakið á þeim verkefnum sem ráðist hefur verið í og gagnrýni þeirra sem ekki eru sammála hefur verið málefnaleg og góð. Bæjarfulltrúar, hvar í flokki sem þeir standa, hafa unnið vel saman og hefur fjárhagsáætlun hvers árs til dæmis verið unnin í samvinnu allra sem er einstaklega jákvætt. Með þeim hætti hafa sjónarmið allra fengið að njóta sín og umræðan er

tekin á grundvelli málefna en ekki flokkspólítíkur. Reyndar er það svo að flokkspólítíkin hefur ekki þvælst fyrir núverandi bæjarstjórn enda eiga störf í þágu bæjarbúa ekki að snúast um flokkspólítík heldur sameiginlega hagsmuni þeirra sem velja Hveragerði sem sinn heimabæ.

Í Hveragerði eru miklir möguleika og víða er óplægður akur. Mörg verkefni eru í bígerð og öðrum þarf að fylgja vel eftir. Það er sameiginlegt markmið okkar allra að íbúum verði búin bestu mögulegu skilyrði til búsetu í gróskumiklu bæjarfélagi sem erlendir jafnt sem innlendir gestir hafa áhuga á að sækja heim. Um slíkt markmið þurfum við að sameinast og einhenda okkur í að það verði að veruleika. Það gerir enginn einn og það gerir ekki bæjarstjórnin ein og sér. Það gera aftur á móti íbúarnir, kærar nágrennar og vinir, samhentir, í sameiningu og fullir af stolti yfir möguleikum þessa staðar sem við öll völdum að búa á.

Ég sendi íbúum öllum og öðrum lesendum Bláhvers mínar allra bestu óskir um gleðilega jólahátíð, frið og farsæld á komandi ári. Þúsund þakkir fyrir ánægjulegar samverustundir og gott samstarf á liðnum árum.

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri.



Fegurstu garðar 2013

Það er sérlega ánægjulegt að sjá hversu mikinn metnað margir íbúar leggja í garða sína og nánasta umhverfi. Hér er fjöldi fallegra garða og margir áhugasamir garðeigendur vinna hörðum höndum að viðhaldi og uppbyggingu þeirra. Því er það ávallt ánægjuleg stund þegar viðurkenningar eru veittar fyrir þá garða sem bera þykja af öðrum ár hvert.



Viðurkenningar fyrir fegurstu garðana árið 2013 voru afhentar í Lystigarðinum Fosslöt laugardaginn 22. júní sl.

Eftirtaldir garðar þóttu bera af þetta árið og var eigendum þeirra færður þakklætisvottur frá Hveragerðisbæ

auk verðlaunaskjolds sem væntanlega verður settur upp á áberandi stað í hverjum garði.



- Kambahraun 7** - Steinvör Ester Ingimundardóttir og Hlökkver Guðmundsson
 - Dynskógar 7** - Berglind Helgadóttir og Jóhann Hjaltalín Stefánsson
 - Hveramörk 18** – Inga Dóra Jóhannesdóttir og Jón Hafsteinn Eggertsson
- Verðlaunahöfunum er óskað innilega til hamingju með viðurkenninguna og fyrir framlag sitt til blómstrandi bæjar hér í Hveragerði.
- AH



Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennu á gamlárskvöld kl. 20:30 við Þverbrekkur. Starfsmenn bæjarins munu sjá um alla framkvæmd við brennuna.


Að gefnu tilefni er tekið fram að ekki er leyfilegt að vera með flugelda við brennu vegna þeirrar hætti sem það getur skapað.

Flugeldasýning verður í umsjón Hjálparveitar skáta.

Kátt er á Fosslöt á þrettándanum

Jólin verða kvödd á þrettándanum með blysför frá Smáragörðum kl. 18:00 og gengið í fylkingu að Fosslöt. Félagasamtök í bænum verða virkir þátttakendur í gleðinni ásamt bæjarbúum. Allir eru hvattir til að koma í búningum til að skapa sanna þrettándastemningu.

Bæjarstjórn Hveragerðis og bæjarstarfsmenn þakka Hvergerðingum gott samstarf á liðnum árum og óska þeim heilla og velfarnaðar á komandi ári.



Jóla­kveðja frá bæjarfulltrúum D-listans

Með þessum gómsætu og þaulreyndu uppskriftum senda bæjarfulltrúar D-listans bæjarbúum og öðrum lesendum Bláhvers óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Þökkum ánægjulegar samverustundir og gott samstarf á árinu sem er að líða.



Egilskökur

Eypór H. Ólafsson segir að þessi uppskrift njóti mikilla vinsælda enda eru hér á ferðinni afar hollar og góðar smákökur sem henta vel þeim sem velta fyrir sér heilsusamlegu mataræði.

- 1 ½ bolli möndluhveiti
- ¼ tsk sjávarsalt
- ¼ tsk matarsódi
- 1 tsk engifer
- ½ tsk kanill
- ¼ bolli matarolía
- ¼ bolli sýróp

Þurrefnunum er blandað saman sér og blaut-efnunum sér og síðan öllu blandað saman. Sett með matskeið á ofnplötu og bakað í 6-10 mínútur við 175°C.

Heimsins bestu jólasörur

Unnur Þormóðsdóttir vil meina að þetta séu heimsins bestu jólasörur. Þær eru líka alveg ótrúlega góðar.

Botn:

- 400 gr möndluflögur
- 6 dl flórsykur
- 5 eggjahvítur
- Möndluflögurnar settar í matvinnsluvél og maukaðar, flórsykri blandað saman við. Eggjahvítur stífþeyttar. Öllu blandað varlega saman og bakað við 180°C í ca 15 mín.

Krem:

- 1 ½ dl sykur
- 1 ½ dl vatn
- 5 stk eggjarauður
- 300 gr smjör
- 2 ½ tsk kaffiduft
- Vatn og sykur soðið saman í sýróp (9 mín frá því að suða kemur upp). Rauður þeyttar vel og sýrópinu hellt í mjörri bunu út í þær. Látið kólna, mjúku smjóri bætt saman við og hrært í á meðan. Kaffið leyst upp í smá hluta af sýrópinu og er því og kakói bætt saman við kremið og það látið kólna vel áður en það

er sett á sörubotnana. Ef kremið er of lint er smjóri bætt út í þar til það verður þykkt.

Hjúpur:

Suðusúkkulaði brætt og síðan eru sörunar hjúpaðar (kremhliðinni dýpt ofan í súkkulaðið). Gott er að skella sörunum í frysti þegar búið er að setja kremið á þær, þá storknar súkkulaðihjúpurinn strax. Ef maður vill hafa mikið krem þá er um að gera að búa til 1½ uppskrift af því.

Bæjarstjórabomba

Aldís Hafsteinsdóttir hefur löngu lært að þessi eftirréttur nýtur endalausra vinsælda enda bæði fljótlegur og góður. Hann er ættaður frá Hálfðáni fyrrv. bæjarstjóra sem gerði þennan eftirrétt alltaf á jölunum. Það gerir hún líka og margir aðrir...

- 1 pakki makkarónukökur
- 3-4 msk sherry
- ½ ltr rjómi
- 1 bakki jarðarber
- 1 dós Romm fromage frá Kjörís
- 100 gr. dökkur súkkulaði spænir.
- Þýðið romm fromage í 2-3 klst við stofuhita. Myljið makkarónukökurnar í skál og vætið í með sherry'ínu. Jafnið blöndunni vel í botninn á fallegri skál. Dreifið helmingnum af súkkulaðinu yfir kökublönduna ásamt jarðarberjum sem hafa verið skorin í fernt. Rjóminn er þeyttur og u.þ.b. helmingnum smurt yfir jarðarberin. ¾ af fromage settur þar ofan á og síðan afgangurinn af rjómanum þar yfir. Rétturinn er skreyttur með jarðarberjum og súkkulaðispænum.

Humarpizza

Ninna Sif Svavarsdóttir býður uppá humarpizzu sem er soldið öðruvísi en alveg hrikalega góð. Frábær tilbreyting frá jólamatnum.

- Einn pizzabotn
- 250-300 g humar sem er hreinsaður og lagður í olíu með hvítlauk (smekksatriði hversu mikinn

hvítlauk en ég nota 4 stóra geira). Látið liggja í leginum a.m.k. tvo tíma.

- 1 poki rifinn mozzarella ostur
- saffran krydd
- 1 poki ósaltaðar pistasíuhnetur
- klettasalat

Ostinum er dreift yfir botnana. Smá saffran stráð yfir humarinn í skálinni rétt áður en hann er tekinn upp úr og settur ofan á ostinn. Myljið aðeins hneturnar og dreifið yfir og skellið svo í ofninn í 15-20 mín á 200 C.

Sósan:

- Safi úr einni sítrónu
- 4 msk góð olífuolía
- 4 tsk gróft sinnep
- 6 msk hunang
- salt og pipar (mjög lítið salt)
- Kreistið safann úr sítrónunni og blandið öllum öðrum hráefnum saman við.

Þegar pizzan er tilbúin er klettasalat sett yfir og hluti af sósunni. Sósan er líka borin fram með pizzunni. Bragðbætt með nýmöluðum svörtum pipar og smá salti.

Partýdýfan

Elínborg Ólafsdóttir veit að í góðu áramóta-partyi þarf að vera eitthvað „djúsi“ til að narta í fram eftir nóttu. - Þessi gómsæta dýfa smellpassar þar. Í hana fer eftirfarandi:

- 1 dós salsasósa-mild
- 400 grömm af rjómaosti
- 1 stk af mexican osti
- Fullt af vínberjum
- ½ rauðlaukur

Hafið rjómaost við stofuhita og blandið salsasósu & rjómaosti vel saman. Skerið mexican-ostinn í litla bita og setjið saman við, skerið vínberin í tvent eða þrennt, skerið rauðlaukinn smátt og blandið öllu þessu saman. Athugið að vínberin eru nauðsynleg! Þetta er svo hitað í ofni í smá stund og borðað með Doritos

Skorturinn var viðvarandi og endalausar biðraðir eftir brýnustu nauðsynjum

Sú hefð hefur skapast að í árlegu jólablaði Bláhvers birtist viðtal við eldri Hvergerðing. Einhvern sem hér hefur búið lengi og getur miðlað okkur hinum af langri lífsreynslu.

Í ár bregðum við út af vananum og heimsækjum hjón sem fluttu til Hveragerðis frá Litháen fyrir rétt rúmum áratug. Þeim hefur farnast vel og þau eru ánægð hér á landi. En okkur fýsti að vita hvers vegna þau eru hingað komin og ekki síður hvaðan þau komu.

Þetta eru þau Grantas Grigorianas og Elena Latanauskiene oftast kölluð Elita. Elita er fædd í borginni Telsiai í Litháen árið 1960. Frá Telsiai, þar sem búa um 30.000 manns eru um 300 km til höfuborgarinnar Vilnús. Þetta er afar falleg, gömul borg sem helst er fræg fyrir að mennta guðfræðinga og presta. Elitu segist svo frá: „Faðir minn lést þegar ég var þriggja ára, þá var bróðir minn tveggja en yngsta systir mín var einungis tveggja vikna gömul. Þetta var afar erfitt fyrir mömmu sem ól okkur systkinin upp ein. Móðir mín þurfti þess vegna að vinna mikið alla tíð en hún starfaði sem lestarstjóri. Auk þess að vinna utan heimilis vorum við með nokkrar kýr, svín, gæsir og stóran garð en það gerði okkur kleift að eiga nægan mat.“

Á þessum tíma var Litháen hluti af Sovétríkjunum. Allir voru í vinnu og höfðu þak yfir höfuðið.

„Við bjuggum í stórri og góðri íbúð sem vinnustaður mömmu útvegaði. Við systkinin þurftum samt alltaf að vinna mikið og hjálpa mömmu en það var viðtekin venja í Litháen að börn ynnu mikið. Ég man til dæmis eftir

einu atviki sem lýsir þessu vel. Ég var 5 ára og mamma í vinnunni þegar kom að goti hjá einni gyltunni okkar. Mamma hafði útskýrt hvernig ég átti að fara að og þarna tók ég ein á móti 11 litlum grísum og setti þá alla í kassa. Mér tókst meira að segja að koma þeim á spena en einn komst ekki fyrir. Þá voru góð ráð dýr en mér tókst samt að halda þeim öllum á lífi þar til mamma kom heim um morguninn. Eftir þetta fékk mamma aldrei að sinna gyltunni heldur þurfti ég að gera það því hún samþykkti ekki mömmu eftir þessa reynslu, reyndi í sífellu að bíta hana en mig lét hún alltaf í friði.“

Fjölskylda Elitu send til Síberíu

Móðurfjölskylda Elitu barðist gegn yfirráðum Rússa í Litháen. Móðir hennar, móðursystir og móðurbróðir flúðu inn í skóginn ásamt fjölmörgum öðrum andófsmönnum og þar voru systkini móður hennar drepin í kúlna-

hríð Rússanna. „Mamma lifði af en var send til Síberíu ásamt ömmu og afa. Mamma var dæmd til dauða í réttarhöldunum en dómnum var áfryjað til Stalíns og hann breytti dómnum í 25 ára fangelsi. Við dauða Stalíns árið 1953 var öllum pólitískum fongum gefið frelsi. Fólk kom þá eignalaust úr Gúlaginu og varð að byrja upp á nýtt. Þá var gott að ein systir mömmu var gift og þangað fóru amma, afa og mamma til að byrja upp á nýtt.“

Ekki færri en 600.000 manns frá Baltnesku löndunum voru fluttar í vinnubúðir í Síberíu, í Gúlagið. Á langri leiðinni þangað og í búðunum létust að því að talið er um 100.000 manns. Um 30.000 manns lét lifð í bardögum við rauða herinn í þessum löndum. Fáir gerðu sér grein fyrir þessari staðreynd en rétt er að minna á að fjarlægðin frá Litháen og að Svíþjóð er einungis um 300 km.



Borgin Telsiai í Litháen.



Barnæskan var ekki einföld í landi þar sem ríkti sundrung. „Ég fékk oft að heyra að ég væri öðruvísi, að móðir mín og fjölskylda hennar hefðu verið andkommúnistar. En ég var ekki ein um að lenda í þessu því mörg önnur börn fengu stöðugt að heyra það sama.“

Eftir dauða Stalíns breyttist margt. „Þrátt fyrir að ég væri alltaf á móti kommúnistunum verð ég að viðurkenna að líf almennings á tímum þeirra var á vissan hátt einfaldara og betra en nú er. Allir höfðu vinnu og öllum voru tryggðir ákveðnir peningar. Auðvitað var ekkert til í verslunum og mútur viðgengust á öllum sviðum. Skorturinn var viðvarandi og endalausar biðraðir eftir brýnustu nauðsynjum. Fiskur, kjöt og kol vantaði alltaf en nóg var til dæmis til af hveiti og mjólkurvörum. Við vorum aldrei svöng en Litháar eru mjög duglegt fólk, þeir hafa alltaf ræktað mikið sjálfir. Við tinum ber og sveppi, höggvum í eldinn, sjóðum niður og reynum að bjarga okkur. Ég var svo ánægð þegar Litháen fékk frelsi, keyrði um borgina með fána og fagnaði. En núna er ég döpur yfir ástandinu í landinu mínu því fátæktin er miklu meiri en áður var.“

Baku er heimabær Grantas

Í sama ríkinu, Sovétríkjunum, þó í 5.000 km fjarlægð, ári eftir dauða Stalíns, fæðist Grantas í Baku höfuðborg Azerbaijan. Fjölskylda Grantas kom upphaflega frá Armeníu og eru þau kristin en meirihluti íbúa í Azerbaijan eru múslimar.

Grantas tekur nú við og segir svo frá: „Við erum fjórir bræðurnir og það var enginn hægðarleikur að metta alla þessa munna. Með „einhverjum hætti“

áskotnaðist þabba einu sinni 50 kg poki af hveiti og fór hann með hann heim. Það sást til hans, hann var klagður og ákærður fyrir þjófnað. Fyrir þetta fékk hann dóm og losnaði ekki fyrr en fjórum árum síðar, árið sem Stalín dó og fangar voru náðaðir. Ég fékk alltaf að heyra að gleði foreldra minna yfir frelsi þabba hefði orðið til þess að ég varð til. Þabbi var afar handlaginn og mikill verkmaður, hann starfaði sem smiður en mamma húsmóðir. Ég lærði til skósmiðs og vann sem verkstjóri í stórrí skóverksmiðju, stjórnaði þar 120 starfsmönnum. Kjörin voru aftur á móti afar slæm og árið 1987 fór ég til Litháen í leit að betra lífi.

Fljótlega eftir að ég flutti braust út stríð sem kennt er við Nagorno-Karabakh sem er hluti af Azerbaijan. Sóttust kristnir Armenar sem þar bjuggu eftir sjálfstæði. Stríðsátökin jukust og borgarastyrjöld ríkti í Azerbaijan þar sem á Armena var ráðist, þeir voru drepnir og víða reknir frá heimilum og innan skamms byrjuðu sömu hlutir að gerast í Baku, borginni minni. Í stríðinu neyddist fjölskylda mín til að flýja frá Baku og til Armeníu. Hermenn mynduðu göng og vernduðu fólkið á leiðinni á flugvöllinn þar sem flugvélar biðu sem fluttu fólkið til Armeníu. Allt varð eftir hús, bílar, innbú og allt saman. Allir máttu bara taka með sér eina tösku og í Armeníu urðu þau að byrja allslaus

upp á nýtt. Armenska þjóðin tók afskaplega vel á móti flóttamönnum og hjálpuðu þeim að hefja nýtt líf en þeir sem eftir lifa úr fjölskyldu minni eru enn í Armeníu.“

Talið er að rúmlega 1 milljón manna hafi orðið að flýja heimili sitt í stríðinu um Nagorno-Karabakh. Armenar í Azerbaijan fóru til Armeníu og Azerar í Armeníu til Azerbaijan. Vel flestir allslausir eftir að hafa þurft að yfirgefa allt. Árið 2010 fluttu síðustu Azerarnir sem komu frá Armeníu úr tjöldum sínum í flóttamannabúðunum rétt utan við Baku, þar höfðu þeir þá dvalið í á annan tug ára.

„Ég mun alltaf sakna Baku, borgarinnar þar sem ég fæddist og ólst upp í, en ég hef aldrei komið þangað eftir að ég fór 1987 og mun aldrei fara þangað aftur. Nafnið mitt sýnir nefnilega að ég er Armeni. Væntanlega yrði ég þá settur í fangelsi en í Azerbaijan búa nú svo til eingöngu múslimar, önnur þjóðabrot hafa flúið landið.“

Erfitt lífi í Litháen

Þegar Elita og Grantas kynntust í Litháen átti Elita tvö börn úr fyrra sambandi þau Carolinu og Vitas. Grantas stjórnaði skóverksmiðju í Litháen og salan á skónum gekk afar vel. Þau voru ágætlega stæð og gátu leyft sér ýmislegt. Þegar Litháen varð frjálst lokuðust allir markaðir í fyrrum



Dæturnar Karólína, Isabella og sonurinn Vítas.

Sovétríkjunum og salan á skónum hrundi. Verksmiðjan varð gjaldþrota og tekjur fjölskyldunnar urðu að engu. Enga vinnu var að hafa og fátt til ráða. Þá ákváðu hjónin að Elita myndi fara til Bandaríkjanna sem au pair og senda launin sín heim en Grantas rak á meðan bakarí og verslun í Litháen.

En nú gefum við Elitu orðið: „Það var erfitt að skilja börnin öll eftir en Grantas er góður faðir og hann sá vel um börnin okkar á meðan ég var í burtu. Þá var Carolina 16 ára, Vítas 14 ára og Isabella var 4 ára. Í Bandaríkjunum var ég í eitt ár, í byrjun var það mjög erfitt, ég held að fjölskyldan sem ég lenti hjá hafi ekki kunnað að vera með au pair og mér var þrælað út þar til amman í fjölskyldunni tók í taumana og sá til þess að þau kæmu vel fram við mig. Eftir það breyttist allt og enn í dag erum við í góðu sambandi. Þau komu meira að segja til okkar í sumar, en ég fyrirgaf þeim auðvitað hvernig þau höfðu komið fram í upphafi.“

Í Litháen hafði ástandið bara versnað á meðan Elita var í burtu og þegar hún kom heim var engu vinnu að hafa. Stórfyrirtæki og verslanir höfðu lokað og atvinnuleysi í borginni þeirra var um 70%. Ekkert gekk upp og framtíðin var ekki björt. Elita þekkti aftur á móti konu sem átti vinkonu sem átti dóttur sem var á Íslandi. Hún lýsti Íslandi svo fallega, hér væru góð laun og hér væri hægt að fá vinnu svo þá var ekki til setunnar boðið og haldið til Íslands í von um betra líf.

Kaldar móttökur á Íslandi

Í annað sinn yfirgaf Elita fjölskylduna og flaug hingað til lands ásamt vinkonu sinni. „Við vissum ekki einu sinni hvar



Ísland var. Þetta var um vetur og hér var allt fullt af snjó, okkur fannst við komnar til Mars. Ég fór bara að gráta á flugvellinum og við vissum ekkert hvað við áttum að gera.

Við tókum leigubíl til Reykjavíkur til dóttur vinkonunnar sem þar bjó. Hún vildi aftur á móti ekkert við okkur kannast og neitaði að hjálpa okkur. Hún hleypti okkur ekki inn og skellti á okkur hurðinni. Þarna stóðum við nú báðar og grétum þegar leigubílstjórinn kom til baka en hann hafði fylgst með okkur úr fjarska. Við þekktum engan á Íslandi nema þessa stúlku og hún neitaði að hjálpa okkur! Leigubílstjórinn vissi aftur á móti um hóp karlmanna frá Litháen sem þá voru að vinna í Hveragerði en bjuggu í Ölfusborgum og bauðst hann til að keyra okkur þangað.

Þar bönkuðum við upp á og báðum um aðstoð. Þeir hleyptu okkur inn en þarna voru 7-8 menn. Þeir hlógu mikið og skemmtu sér og fannst frábært að fá kvenmenn í húsið, um það var mikið rætt! Þeir þáðu nú samt vodkað sem við höfðum með að heiman og skinkuna og þarna fengum við húsaskjól fyrstu



Í eldhúsinu í Ásbyrgi.

nóttina. Við sváfum á sófa í stofunni undir úlpunum okkar. Daginn eftir sendu þeir okkur niður í Hveragerði og sögðu okkur að fara að leita að vinnu. Byrjuðum við í Shell og rákumst þar á Villa. Hann benti okkur á ýmsa staði en hvergi vantaði fólk. Á endanum benti hann okkur á Hótel Örk því hann sagði að þar vantaði alltaf fólk. Þar réði Sigurður Tryggvason okkur á staðnum. Við vinkonurnar fengum að búa í litlu húsi á lóðinni og gátum strax hafið störf. Við vorum svo þakklátar.

Vísad úr landi

En raunum Elitu var ekki lokið þrátt fyrir að hún hefði nú vinnu. Eftir mánuð fékk hún símtal frá dóttur vinkonunnar og sem sagði að ef þær stöllur myndu ekki borga henni 1000 dollara myndi hún klaga þær til lögreglunnar fyrir að vinna ólöglega í landinu. Elitu var að vonum brugðið við þetta símtal: „Við áttum engan pening og það var eins og við manninn mælt að lögreglan mætti á staðinn og við vorum sendar úr landi. Jón Ragnarsson, hóteleigandi og Sigurður reyndu allt hvað þeir gátu til að aðstoða okkur en það gekk ekki. Fórum við þá út. Varð ég að biða í 6 mánuði eftir leyfi og kom svo til baka - lögleg í þetta sinn. Eftir ár á Hótel Örk réði Pálína Sigurjónsdóttir mig í vinnu á Dvalarheimilinu Ási og þar hef ég verið síðan. Ég hef verið afar ánægð á þessum vinnustað, þarna hef ég fengið að fara á námskeið og ég á bara ekki orð yfir það hvað þarna er gott starfsfólk. Fyrst var ég í Ásbyrgi og þar voru konurnar svo góðar við mig.

Grantas kom til Íslands ári á eftir mér og fékk vinnu í gróðrarstöðinni hjá Ingibjörgu og Óttari. Isabella kom svo ári síðar, þá 10 ára.“

Góðir vinir

„Konurnar í Ásbyrgi aðstoðuðu mig við að finna íbúð sem þær fundu loks í Reykjamörk 16. En þá sáuð við að við áttum ekkert til að setja í íbúðina, ekkert innbú! En eftir tvær klukkustundir fannst okkur við vera svo rík, því konurnar í Ásbyrgi, Ingibjörg og Óttar og Svavar og Árný sem áttu íbúðina gáfu okkur alls konar húsbúnað, sængur og allt það sem við þurftum til að fara að búa. Svavar er svo mikið gull af manni. Hann hjálpaði okkur mikið og konan hans líka. Þetta

var alveg ótrúleg hjálpsemi og okkur fannst við eiga allt. Íbúðin var mjög fin og þarna eignuðumst við okkar fyrsta heimili hér í Hveragerði. Ég get ekki nóg samlega þakkað konunum í Ásbyrgi góðsemina, þær Sigrún, Gyða, Jóna, Guðrún Jóns. og Dís í fönðrinu voru alveg ótrúlega góðar við okkur, svo örfáar séu nefndar. Því miður eru þær ekki allar meðal okkar lengur. Í dag vinn ég á hjúkrunarheimilinu og þar er ég ánægð, bæði með vinnuna og samstarfsfólkið.“

Stolt af börnunum okkar

Vitas sonur þeirra hjóna býr núna í Reykjavík. Hann er giftur stúlku frá Litháen og eiga þau 3 börn. Þeim líkar afar vel og þau standa sig vel. Isabella hefur líka verið mjög dugleg. Hún byrjaði í Grunnskólanum í 5. bekk og það er eftirtektarvert að hún kláraði grunnskólann ári á undan jafnöldrum sínum eða eftir 9. bekk og fékk mjög góðar einkunnir. „Við vorum sérlega stolt af því að hún fékk sérstaka viðurkenningu fyrir árangur í íslensku og dönsku. Hún fór í Menntaskólann í Hamrahlíð og náði þar afburðaárangri. Hún er núna í London að læra sálfræði. Elsta dóttir okkar býr í Litháen, vinnur á sjúkrahúsi en hún er lærður tannsmiður. Hún á einn strák sem er 9 ára.“

Tapar fyrir forstjóranum

Grantas vann í gróðrarstöðinni hjá Ingibjörgu og Óttari í 5 ár. Þegar stöðin lokaði hafði Grantas kynnst Lárusi Inga sem ráðlagði honum að sækja um vinnu í Kjörís. Grantas segir svo frá: „Ég fékk vinnuna og þarna hef ég verið í ein 8 ár. Mér líkar afar vel og fólkið hefur verið afar gott við mig. Ég er veill fyrir hjarta og þarna hefur verið tekið mikið tillit til mín en það er ekki sjálfsagt. Heilsugæslan og sjúkrahúsin hér eru stórkostleg og Tómas hjartalæknir á Landspítalanum hefur verið mér afar hjálpsamur.

Ég fór að tefla í hernum í Azerbaijan, mér hefur alltaf þótt það gaman og hér á landi hef ég teft mikið með Selfyssingum. Ég varð skákmeistari Selfoss og nágreennis árið 2010. Ég hef oft teft á hinum ýmsu mótum og gengið ágætlega. Við höldum stundum fjöltefli í Kjörís, þar hef ég nú yfirleitt unnið allar mínar skákir, nema við Valdimar forstjóra, við gerum alltaf jafntefli.



Grantas til vinstri á myndinni ásamt félagi úr hernum.

Maður vinnur ekki forstjóran, það gerir maður ekki!“ segir Grantas.

Við erum ánægð á Íslandi

„Í gegnum tíðina höfum við séð svo margt sem er erfitt og upplifað ýmislegt sem þið Íslendingar eigið eflaust bágð með að skilja. Við söknum helst dóttur okkar og barnabarnsins sem eru í Litháen en að öðru leyti eru fjölskyldumeðlimir fáir og sambandið stopult. Við eigum hvort um sig eitt systkini úti, Elita í Litháen en Grantas í Armeníu.

Hér í Hveragerði eru þó nokkrir Litháar og við höldum góðu sambandi við nokkra þeirra, til dæmis vinna fjórir Litháar í Kjörís. Við erum ánægð hér í Hveragerði og hér viljum við vera. Við höfum ekkert heim að sækja, á

vissan hátt mætti segja að stjórnvöld hendi íbúum landsins sjálf út. Það er miklu betur hugsað um útlendinga hér á Íslandi heldur en stjórnvöld í Litháen hugsa um sitt eigið fólk. Isabella hefði til dæmis aldrei getað lært með þeim hætti sem hún hefur gert hefðum við verið áfram í Litháen og fyrir það erum við ævarandi þakklát. Fyrir henni er Ísland heima, hér eru vinkonur hennar og hér er bakgrunnurinn. Henni líður eins og Íslendingi en það er einmitt okkar æðsta ósk að við fáum að verða Íslendingar.“

Með þessum lokaorðum kveður útsendari Bláhvers. Ómur rússneskra fréttabérist fram í anddyrið, bragð súkkulaðis frá Litháen og koníaks frá framandi slóðum gefur til kynna að venjurnar eru aðrar en við eigum að venjast. En afar fallegt heimili, kertaljós og ræktarleg blóm sem Grantas sinnir af alúð, ásamt gestrisni sem fáum er betur gefin sýnir að Grantas og Elita vilja vera hér á landi.

Þau eru löngu orðin partur af bæjarlífinu rétt eins og þeir fjölmörgu íbúar Hvergerðis sem hingað hafa valið að koma af margvíslegum ástæðum og skreyta bæinn okkar fallegum litum og menningu sem okkur annars væri hulin.

Fyrir það erum við sem bæjarfélag ævarandi þakklát.

Aldís Hafsteinsdóttir



Foreldrar Grantas.

Pegar maður heldur að málið sé komið í höfn eru oft tíu hindranir eftir

Þeir hafa verið fróðlegir, spennandi og skemmtilegir mínir fyrstu dagar í þinginu. Margt er eins og maður hafði búist við og annað sem kemur manni á óvart. Ég hóf minn stjórn málaferil í bæjarmálunum og hafði því samanburð þaðan þegar ég kom inn á Alþingi. Þetta er alveg sitthvor hluturinn og vinnubrögðin allt önnur. Það tekur allt miklu lengri tíma á Alþingi, hvert mál fer í gegnum mun lengri feril og mun fleiri koma að hverju máli. Þegar maður heldur að málið sé komið í höfn eru oft tíu hindranir eftir.

Það sem kom manni helst á óvart varðandi vinnulagið er hvað tími manns var mikið skipulagður en samt veistu aldrei hvernig hver dagur mun

þróast. Það eru engir tveir dagar eins og oftast en ekki þá riðlast dagskráin öll til. Þetta gerir að verkum að það gefst ekki mikill tími til að fara um kjördæmið á meðan þingið er að störfum. Það er þó mikilvægasti og skemmtilegasti þátturinn í starfi þingmannsins að fara um kjördæmið, kynnast fólkinu og aðstæðum þess. Það hef ég reynt að gera eins og tími hefur gefist til og var fyrsta heimsókn mín eftir kosningar til Hveragerðis.

Okkur fjölskyldunni finnst alltaf gaman að koma til Hveragerðis enda jákvæðnin og dugnaðurinn í fyrirrúmi. Það er það sem við þurfum að auka enn meira hjá okkur Íslendingum, því þá mun okkur ganga enn betur.



Verkefni á þinginu eru fjölbreytt og fer þeim fjölgandi nú þegar liður að jólum. Þingmenn eru farnir að huga að jólum og margt í dagskrá okkar sem tengist jölunum. Þingmennirnir sem búa lengra út á landi eru farnir að huga að þinglokum og vonast til að komast heim fyrir Þorláksmessu til að undirbúa jólin með fjölskyldum sínum. Fjárlagaumræðan mun skera úr um það hvenær hægt verður að fresta þingfundi og vona ég svo sannarlega að fjárlögin verði okkur ágætis jólagjöf.



Hjá mér verða jólin sjálf frekar hefðbundin, þó stefnir í meira frí á milli jóla og nýárs núna miðað við þegar ég starfaði í lögreglunni. Við fjölskyldan borðum alltaf á aðfangadag hjá tengdaforeldrum mínum og reynum svo að fara norður á Sauðárkrók í heimsókn til fjölskyldu minnar á milli jóla og nýárs. Nú er maður búinn að læra það að undirbúa jólin í nóvember þar sem desember er annasamasti mánuðurinn í þinginu og óvíst hvort maður fái frídag fyrir jól. Þó er þegar orðið ljóst að skreytingarnar verða væntanlega settar upp fyrir á næsta ári en nú var gert.

Kæru félagar, ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með von um gott og árangursríkt samstarf um ókomna tíð.

Hef flutt aðstöðu mína á Hárgreiðslustofuna Ópus, Breiðumörk 2, Hveragerði.

Býð gamla og nýja viðskiptavini hjartanlega velkomna í naglaásetningu og förðun.

Vinsamlegast bókið tíma í síma 861 6866

Elínborg María Ólafsdóttir
nagla- og förðunarmeistari



Vilhjálmur Arnason,
alþingismaður



Hamarshöllin - fyrsta starfsárið líflegt

Það var mikill spenningur í bæjarbúum þegar fyrsta loftborna íþróttahöllin var reist á Íslandi á Vorsabæjarvöllum í júlí 2012. Íþróttahöllin hýsir gervigrasvöll, fjölnota íþróttagólf í fullri stærð og níu holu pútt-golfvöll. Bætt íþróttaaðstaða hefur lengi verið í umræðunni hjá bæjarbúum og var alveg ljóst að tilkoma 5000 m² fjölnota íþróttahallar yrði mikil lyftistöng fyrir íþrótt- og frístundastarf bæjarins. Starfsemin byrjaði af miklum krafti og nýta flestar deildir íþróttafélagsins

Hamars höllina fyrir æfingar. Einnig er Golfklúbbur Hveragerðis og eldri borgarar með æfingar fyrir sína félagsmenn. Breytingin er mikil fyrir knattspyrnumenn sem geta nú æft innanhúss á veturna og á það vonandi eftir að efla og styrkja uppbyggingarstarf deildarinnar. Á árinu var gert samkomulag, á milli Hveragerðisbæjar og Knattspyrnudeildar Hamars, um akstur yngstu skólabarnanna úr Skólaseli til Hamarshallar. Er þetta liður í samfelli náms og frístunda þar

sem yngstu börnunum gefst kostur á að ljúka námi og frístundum á meðan þau dvelja í skólanum. Einnig fara þau börn sem eru í Skólaseli einu sinni til tvisvar í viku upp í Hamarshöll þar sem áhersla er á aukna hreyfingu í formi leikja.

Þegar horft er yfir fyrsta starfsár Hamars-hallar má segja að vel hafi gengið. Íþróttafélög í nágrennabyggðarlögum og víðar hafa verið við æfingar í höllinni og hafa leigutekjur ársins verið vel yfir væntingum. Þessar fjölmörgu gestakomur styðja vel við þjónustuaðila í bænum og er gott samstarf við aðila sem bjóða upp á ferðatengda þjónustu og gistingu.

Í haust var ákveðið að bjóða upp á opna fjölskyldutíma á þriðjudögum frá kl. 19 - 21 og fer þeim fjölgandi sem koma. Vonandi munu fjölskyldur nýta sér tímana nú í desember og skemmta sér saman í leikjum og hreyfingu. Hafið hugfast að regluleg hreyfing fyrir fólki á öllum aldri stuðlar að betri líðan og auknum lífsgæðum ekki síst í amstri dagsins þegar jólaundirbúningurinn stendur sem hæst.

*Megi jólahátíðin færa ykkur
frið og góðar stundir.*
Jóhanna M. Hjartardóttir
menningar- og frístundafulltrúi







lðandi mannlíf í Hveragerði



Jólaís



Estirréttir fyrir alla





HIN EINA OG SANNA
KONFEKT TERTA
GÓMSÆT & SÍGILD FRÁ KJÖRÍS



JÓLAPINNAR

VANILLUÍS

*Sendum Hvergerðingum sem og öðrum lesendum
hugheilar jóla- og nýjárskveðjur.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.*



VÍS

Iceland Activities

Tjaldstæðið Hveragerði

Reykjamörk 18
Sími 483 4605

Tían

Breiðumörk 19
Sími 483 4727

Raftaug hf.

Sími 483 4233

Blikksmiðja A. Wolfram

Austurmörk 17
Sími 483 4530

Sólhestar

Borgargerði/Ölfusi
Sími 892 3066

Vinnuvélar A. Michelsen

Austurmörk 16
Sími 483 4166

Byggbræður

Sími 898 6174



2008 ehf

TRAMONTINA



Jón Þórarinnsson ehf.

Kambahrauni 34
Sími 693 4870

Vélar og stálsmiði

Mánamörk 3
Sími 483 1200

Opus

Breiðumörk 2
Sími 483 4833

Tannlæknastofan

Breiðumörk 18
Sími 483 4930

Bíl-X

Austurmörk 11
Sími 483 4665

Skjólklettur ehf.

Sími 899 6861 (Björn)
Sími 892 8661 (Kjartan)

Ölfusverk Þorsteinn Hansen

Sími 660 8732



Bílaverkstæði Jóhanns
Austurmörk 13, Hveragerði S. 483 4299



Viðgerðir • Réttingar • Cabas • Dekk • Smur
Bílaflutningar • Útköll • Aðstoð • S. 866 1093

Kristinn G Kristjánsson

Fagvís
Breiðumörk 13
Sími 483 5900

Blómaborg

Breiðumörk 12
Sími 483 4225

Garðyrjustöð Ingibjargar

Heiðmörk 38
Sími 483 4800

Trésmiðja Sæmundar

Austurmörk 20
Sími 893 4527

HOFLAND-SETRID

BREIÐUMÖRK 2B - HVERAGERÐI

PIZZA SMÁRÉTTIR BAR

Sími-483 4467

Óskum

Hvergerðingum, nærsveitum og viðskiptavinum okkar,
Gleðilegra jóla og farsældar
á nýju ári.

Gæði-Þjónusta-Lipurð-Stöðugleiki.

www.hoflandsetrid.is

Opnunartími um jól og áramót:

Aðfangadagur **Lokað**
Jóladagur **Lokað**
Annar dagur jóla **Lokað**

ATH!!! Hádegis hlaðborð fellur niður
milli jóla og nýárs

Gamlársdagur **Lokað**
Nýársdagur **Lokað**



Munið okkar vinsælu
gjafabréf til jólagjafa.

Mínum á
heimsendingar og sótt
tilboðin okkar